

Nd. **105. Frumvarp til laga** [67. mál]
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka
árið 1950.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1950 heimilt
að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum
með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljótleikar og söngskemmtanir innlendra
manna undanþegnar álagningu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

..

G r e i n a r g e r ð.

Frv. þetta er samhljóða lögum, sem gilda árið 1949. Skattauki þessi hefur verið
samþykktur frá ári til árs um langt skeið. Frv. er flutt eftir beiðni menntamála-
ráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um málið.